

Mánudagurinn 6. september 1999 kl. 12:00

130. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 22/1999

## **Samstarfssamningur Íslandssíma hf. og Línu.Nets ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir**

##### **1.**

Þann 14. júlí 1999 tilkynntu Íslandssími hf. og Lína.Net ehf. Samkeppnisstofnun, með vísan til 13. gr. samkeppnislaga, um samstarfssamning sem fyrirtækin hafa gert á milli sín. Í tilkynningunni kemur fram að í ákvæði samningsins sé að finna tímabundna samkeppnishindrun. Fyrirtækin telja hins vegar að ákvæði þetta sé réttlætanlegt og er í því sambandi vísað til 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga.

Með bréfum, dags. 20. ágúst sl., óskaði Samkeppnisstofnun eftir upplýsingum frá framangreindum fyrirtækjum. Var beðið um lýsingu á þeirri fjarskiptaþjónustu sem fyrirtækin veita eða hyggjast veita. Jafnframt var óskað eftir mati þeirra á því hvort og þá með hvaða hætti samvinna þeirra styrkti stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum í sömu grein.

##### **2.**

Í bréfi Árna Vilhjálmssonar hrl., frá 27. ágúst sl., eru veittar upplýsingar um Línu.Net. Þar kemur fram að fyrirtækið hafi verið stofnað í júní 1999 og sé að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur en með aðskilinn fjárhag frá Orkuveitunni. Fyrirtækið bíði nú afgreiðslu Póst- og fjarskiptastofnunar á umsókn þess um fjarskiptaleyfi.

Fram kemur að fyrirhuguð starfsemi Línu.Nets byggist á lagningu og rekstri fjarskiptanets á höfuðborgarsvæðinu. Fjarskiptanet þetta verður tvískipt, annars vegar ætlar Lína.Net að leggja ljósleiðaranet milli spennistöðva Orkuveitu Reykjavíkur og hins vegar ætlar fyrirtækið að nýta rafdreifikerfi Orkuveitunnar til að tengja notendur við ljósleiðaranetið. Í umsögninni segir síðan:

„Eins og Samkeppnisstofnun er kunnugt um hefur Lína.Net ehf. undirritað samstarfssamning við Íslandssíma hf. um lagningu ljósleiðara á höfuðborgar-svæðinu. Fyrirhugað er að leggja ljósleiðara milli spennistöðva Orkuveitu Reykjavíkur og setja upp tengibúnað í spennistöðvunum. Þannig er fyrirhugað að tengja saman milli 310-330 spennistöðvar á næstu árum og munu Íslandssími og Lína.Net ehf. hafa aðgang að þessum tengipunktum til að veita væntanlegum viðskiptavinum fjarskiptaþjónustu. Auk þess mun Lína.Net ehf. hugsanlega leggja sérstaka ljósleiðara fyrir einstaka viðskiptavini, sem ekki verða tengdir þessu bakneti heldur reknir sjálfstætt.

Ljósleiðaranetið mun vera undirstaðan í bakneti Línu.Net ehf. og ætlar Lína.Net ehf. að nýta það til gagnaflutninga fyrir sína viðskiptamenn, til að byrja með mun gagnaflutningurinn snúa eingöngu að internettengingum.

Í undantekningartilfellum mun Lína.Net ehf. nota örbylgjusambönd við gagnaflutningana, sérstaklega í upphafi starfstímans. Vegna þessa hefur Lína.Net ehf. sótt um úthlutun tíðni hjá Fjarskiptastofnun.

Í samstarfssamningi Línu.Net ehf. og Íslandssíma hf. er í grein 4.3. sett tímabundin takmörkun á aðgang annarra aðila til að reka eigið fjarskiptakerfi gegnum fjarskiptanet Línu.Nets ehf. og Íslandssíma hf. Þessi takmörkun er þó einungis til 27 mánaða frá undirritun samningsins, þ.e.a.s. rétt á meðan að verið er að byggja upp og setja fjarskiptanetið í gang. Ástæðan fyrir þessari takmörkun er sá mikli kostnaður sem lagt er út í vegna lagningar netsins. Hefur Samkeppnisstofnun þegar verið tilkynnt um þessa takmörkun á notendum fjarskiptanetsins. Upphaflega óskaði Íslandssími eftir að takmörkun þessi yrði til mun lengri tíma, þar sem talið var ólíklegt að Samkeppnisstofnun myndi samþykkja slíkt var frá því horfið. Þá er einnig rétt að benda á að með samþykki beggja aðila samningsins væri hægt að hleypa þriðja aðila inn á netið fyrr. Þá gerir takmörkun þessi það alls ekki að verkum að nýir aðilar komist ekki inn á þennan markað, enda er fjarskiptanet Landssímans þeim opið.

Lína.Net ehf. hefur einnig gert samning við breska fyrirtækið Nor.Web DPL um tilraunatengingar fyrir internetið eftir rafdreifikerfinu. ... Tæknin byggist á því að nota lágspennuhluta rafdreifikerfisins. Búnaði er þá komið fyrir í spennistöðvum Orkuveitu Reykjavíkur til að senda og taka á móti merki á lágspennustrengjum, eru þetta svokallaðar grunnstöðvar. Síðan er komið fyrir

*búnaði hjá notendum til að taka á móti og senda samsvarandi merki. Þessi búnaður hefur verið kallaður miðlari og túlkur. Merkjasetningarnar eru þannig á milli grunnstöðva í spennistöðvum og miðlara og túlka hjá viðskiptavinunum. Baknetið mun síðan flytja merkið frá spennistöðvunum í sérstaka miðstöð (Mainstation), sem mun sjá um að stýra umferðinni og tengjast Internetinu. Stefnt er að koma upp 100 tilraunatengingum á þessu ári í samstarfi við Nor.Webm DPL, en að tilraunatímanum loknum verður tekin ákvörðun um fleiri tengingar.*

*Lína.Net hyggst í upphafi byggja starfsemi sína fyrst og fremst á ljósleiðaranetinu og rafdreifikerfinu, en heldur því opnu að fara út í viðtækari starfsemi síðar. Fyrirtækið mun fylgjast vel með framþróun á sviði fjarskiptatækninnar og bjóða þá þjónustu hverju sinni, sem er talin henta fjarskiptamarkaðnum. Ekki er þó áformað að fara út í talsímarekstur.“*

Í tengslum við samkeppnisleg áhrif samvinnu Íslandssíma hf. og Línu.Nets ehf. er bent á þetta:

*„Bæði Íslandssími hf. og Lína.Net ehf. eru ný fyrirtæki á markaðnum. Hafa fyrirtækin í dag í raun ekki hafið starfsemi heldur eru þau ennþá í þeim sporum að verið er að undirbúa jörðina, koma tæknilegum atriðum á hreint og gera starfsemina í framtíðinni mögulega.*

*Á þeim markaði sem fyrirtæki þessi stefna á að komast inn á, er í dag Landssíminn markaðsráðandi aðili. Innkoma Línu.Net ehf. og Íslandssíma hf. inn á þennan markað mun því þýða það að virk samkeppni kemst á á markaðnum. Samstarf Línu.Net ehf. og Íslandssíma hf. miðast við það að leggja þann búnað sem fyrirtækin munu síðan nýta sér hvor á sinn hátt. Það er ljóst að lagning ljósleiðara er það umfangsmikið og kostnaðarsamt verkefni að ólíklegt er að fyrirtækin hefðu farið út í slíkar framkvæmdir einar síns liðs. Þessi samvinna fyrirtækjanna gerir því þeim kleift að komast inn á markaðinn og styrkir stöðu þeirra gagnvart Landssímanum. Skilyrði 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga eru því uppfyllt hvað varðar samvinnu þessara fyrirtækja.,,*

### 3.

Með bréfi, dags. 25. ágúst sl., barst umsögn frá Íslandssíma. Þar kemur fram að fyrirtækið ætli að veita almenna fjarskiptaþjónustu. Í því felist öll almenn talsímaþjónusta, gagnaflytningar, símtöl við útlönd og þjónustusími. Einnig er

greint frá því að fyrirtækið hafi sótt um leyfi til rekstrar á farsímaþjónustu en óljóst sé hvort fyrirtækið muni veita þá þjónustu.

Íslandssími vísar til þess að í samningi við Línu.Net komi fram tæmandi lýsing á samstarfi fyrirtækjanna. Ávinningur Íslandssíma er sagður vera sá að fyrirtækið fær aðgang að eigin fjarskiptaneti í stað þess að þurfa eingöngu að notast við leigulínur frá Landssíma Íslands. Með þessu móti öðlist fyrirtækið möguleika á að bæta þjónustu sína við væntanlega viðskiptavini og veitir því meiri möguleika á sveigjanleika í verðskrá sinni. Íslandssími telur ljóst að samvinna fyrirtækisins við Línu.Net um lagningu ljósleiðaranets styrki stöðu beggja fyrirtækjanna gagnvart Landssíma Íslands og 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga eigi því við um samstarfið.

## **II.**

### **Niðurstaða**

#### **1.**

Á fundi samkeppnisráðs, þann 6. september 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir og Ólafur Björnsson.

#### **2.**

Í máli þessu hafa Íslandssími og Lína.Net tilkynnt samkeppnisyfírvöldum um samstarfssamning sem fyrirtækin hafa gert. Líta fyrirtækin svo á að í samningnum sé að finna tímabundnar hömlur á samkeppni en telja á hinn bóginn að þessi takmörkun sé réttlæt看leg. Er í því sambandi vísað til 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga.

Íslandssími og Lína.Net eru ný fyrirtæki sem innan tíðar munu hefja starfssemi á fjarskiptamarkaðnum. Íslandssími stefnir að því að veita talsímaþjónustu, annast gagnaflutninga og reka þjónustusíma. Einnig kemur til álita hjá fyrirtækinu að hefja rekstur farsímaþjónustu. Lína.Net hyggst í upphafi byggja starfssemi sína fyrst og fremst á rekstri fjarskiptanets en kann að veita frekari fjarskiptaþjónustu þegar fram í sækir. Fyrirtækið mun í samstarfi við erlent fyrirtæki hefja tilraunir við að veita aðgang að Internetinu í gegnum lágspennuhluta rafdreifikerfis Orkuveitu Reykjavíkur.

Í samstarfssamningi Íslandssíma og Línu.Nets felst að fyrirtækin hafa ákveðið að hafa samstarf um þróun, uppbyggingu og viðhald fjarskiptanets. Í þessu felst að lagður verður ljósleiðari milli stærstu spennistöðva Orkuveitu Reykjavíkur og settur upp tengibúnaður í spennustöðvunum. Er áformað að tengja saman 310–330 spennistöðvar á næstu árum. Viðskiptavinir fyrirtækjanna verða síðan tengdir ljósleiðaranetinu með lagningu ljósleiðaraleggs frá spennistöðvum, með örbylgjusambandi eða gegnum koparlagnir. Mun tengingarmátinn ráðast af aðstæðum hverju sinni. Íslandssími og Lína.Net munu reka eigin fjarskiptakerfi sjálfstætt í gegnum fjarskiptanetið.

### 3.

Í grein 4.2. í framangreindum samstarfssamningi, sem undirritaður var 10. júlí sl., kemur fram að fyrstu tuttugu og sjö mánuði frá undirritun samningsins er Línu.Neti og Íslandssíma ekki heimilt að leyfa öðrum aðila að reka eigið fjarskiptakerfi gegnum fjarskiptanet fyrirtækjanna, nema með samþykki beggja. Í ákvæðinu kemur fram að með rekstri eigin fjarskiptakerfis sé átt við milliliðalaus sölu eða leigu á aðgangi að netinu. Er tekið fram að þessi takmörkun hafi ekki áhrif á eigin starfsemi eða markaðssetningu fyrirtækjanna að öðru leyti. Jafnframt kemur fram að ákvæðið falli niður ef annar hvor aðilinn sameinast eða er yfirtekinn af markaðsráðandi fyrirtæki eða leggur niður starfsemi.

Að mati samkeppnisráðs fer grein 4.2 í samstarfssamningi Línu.Nets og Íslandssíma gegn 10. gr. samkeppnislaga þar sem ákvæðið kann að hafa þau áhrif að fyrirtækjum sé haldið frá markaðnum, sbr. t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1998, *Erindi Íslandspósts hf. um aðgang að RÁS-þjónustu banka og sparisjóða*. Ákvæði 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga koma hins vegar til skoðunar í máli þessu.

Í 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga segir að þrátt fyrir m.a. 10. gr. laganna geti fyrirtæki haft með sér samvinnu enda þótt það leiði til takmörkunar á samkeppni ef takmörkunin hefur að mati samkeppnisráðs aðeins lítil áhrif á þann markað sem um er að ræða. Jafnframt kemur fram að 10. gr. er ekki til fyrirstöðu samvinnu milli lítilla fyrirtækja ef samvinnan styrkir stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum. Að mati samkeppnisráðs nýtur samstarfssamningur Íslandssíma og Línu.Net undanþágunnar í 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga þar sem samningurinn er til þess fallinn að efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaðnum og sú takmörkun sem fram kemur í samningnum er málefnaleg og hófleg.

Fyrir liggur að Landssími Íslands hf. hefur mjög styrka stöðu á flestum sviðum fjarskipta. Nægir í þessu sambandi að vísa til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 21/1998, *Breiðband Landssíma Íslands hf.*, og ákvörðunar nr. 17/1999, *Erindi Tals hf. um verðlagningu á GSM-þjónustu Landssíma Íslands hf.* Samkeppnisráð telur augljóst að samvinna Íslandssíma og Línu.Nets um lagningu fjarskiptanets muni styrkja stöðu þeirra gagnvart Landssíma Íslands og geti þar með stuðlað að virkri samkeppni á fjarskiptamarkaðnum.

Með hliðsjón af jákvæðum samkeppnislegum áhrifum umrædds samstarfs og þegar litið er til þess að takmörkunin sem fram kemur í samningnum varir í tiltölulegan skamman tíma þykir samningurinn samrýmanlegur ákvæðum samkeppnislaga.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Hin tímabundna takmörkun á aðgangi annarra að fjarskiptaneti Íslandssíma hf. og Línu.Nets ehf. sem fram kemur í grein 4.2. í samstarfssamningi fyrirtækjanna, dags. 10. júlí 1999, nýtur undanþágu 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“**